



BRÚARHLÖÐ Í HRUNAMANNAHREPPI

Deiliskipulag ferðamannastaðar

31.01.2022



UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

2775-023

UNNIÐ

Gísli Gíslason/María Björk Gunnarsdóttir/Sólveig Olga Sigurðardóttir

RÝNT

Ásgeir Jónsson

Samþykktir

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann _____

f.h. Hrunamannahrepps

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Viðfangsefni og markmið	5
1.2	Markmið deiliskipulags	6
1.3	Skipulagsgögn og kortagrunnar	6
2	FORSENDUR	7
2.1	Umhverfi og staðhættir	7
2.2	Náttúruvá	8
2.3	Vistgerðir	8
2.4	Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna	8
2.4.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	8
2.4.2	Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032	9
2.5	Fornminjar	10
2.6	Verndarsvæði	10
2.7	Ferðamenn/ferðaþjónusta	10
3	SKIPULAGSSKILMÁLAR	11
3.1	Byggingar	11
3.2	Aðkoma og bílastæði	11
3.3	Hestagerði	12
3.4	Skilti	12
3.5	Stígar, gönguleiðir og áning	12
3.6	Veitur	13
3.7	Frágangur svæðisins	13
4	UMHVERFISÁHRIF	14
4.1	Valkostir	15
4.2	Samanburður	16
4.3	Niðurstaða	17
5	SAMRÁÐ OG KYNNING	18
6	BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU	19

1. INNGANGUR

Deiliskipulag þetta er unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið tekur til um 6 ha svæðis á austurbakka Hvítár við Brúarhlöð. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir uppbyggingu ferðamannaaðstöðu við Brúarhlöð í landi Haukhólts 1, Hrunamannahreppi (L166757).

Ekkert deiliskipulag er fyrir hendi á skipulagssvæðinu.

1.1 Viðfangsefni

Brúarhlöð er vinsæll viðkomustaður ferðamanna og í námunda við „Gullna hringinn“. Svæðið er orðið nokkuð slitið af ágangi ferðamanna sem ekki fylgja stígum og því þörf á að skilgreina stígakerfi og stýra gangandi umferð. Gerðar verða tvær hringleiðir um svæðið og gert ráð fyrir að styttri leiðin (leið A) verði greiðfær náttúrustígur. Einnig verða útbúnir öruggir áningarstaðir á völdum stöðum. Svæðið hefur einnig verið nýtt töluvert fyrir flúðasiglingar í Hvítá.

Aðkoma að Brúarhlöðum er af Skeiða- og Hrunamannavegi (nr. 30). Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 en þar er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði.



MYND 1. Brúarhlöð, sumar 2020.

1.2 Markmið deiliskipulags

Helstu markmið deiliskipulagsins eru eftirfarandi:

- Vinna heildarskipulag fyrir móttöku ferðamanna á svæðinu sem tekur til bílastæðis, göngustíga, útsýnis- og áningarstaða og þjónustuhúss þar sem verður m.a. snyrtiaðstaða.
- Draga úr líkum á umhverfisspjöllum vegna ágangs gesta, svæðið verði varið gagnvart sliti á gróðurþekju.
- Stýra umferð gangandi fólks um svæðið og óþarfa leiðum lokað.
- Gera greiðfæra og örugga stíga um svæðið.
- Miðla upplýsingum til gesta um sögu svæðisins.
- Setja byggingarskilmála um uppbyggingu á svæðinu sem tekur tillit til sérstöðu og náttúrufars.
- Stuðla að því að gestir geti notið kyrrðar og áhrifa svæðisins.
- Sérstök áhersla er á að mannvirki falli vel að landslagi og ásýnd svæðisins.

1.3 Skipulagsgögn og kortagrunnar

Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:750 sem sýnir fyrirkomulag mannvirkja og aðkomu að svæðinu.

Loftmyndir og hæðarlínur eru frá EFLU ehf. Hnit eru í ISN93.



MYND 2. Afmörkun skipulagssvæðis

2. FORSENDUR

2.1 Umhverfi og staðhættir

Brúarhlöð nefnist efsti hluti af 10 km löngum gljúfrum í Hvítá, sunnan Tungufells. Gljúfrin eru þröng og farvegurinn því mjög djúpur, dýpi árinna er a.m.k. 10 m undir brúnni. Þar hefur áin grafið farveg sinn í þursaberg og myndað ýmsar sérstæðar klettamyndanir og skessukatla. Í ánni eru tveir drangar sem kallast Karl og Kerling.¹

Um svæðið liggur hinn forni Kóningsvegur, sem var lagður um Uppsveitir Árnessýslu árið 1906 af tilefni heimsóknar Friðriks VII Danakonungs ári síðar.

Þá var byggð fyrsta brúin yfir Brúarhlöð, það var trébrú sem tók af í vetrarflóðum árið 1929 og aftur ári síðar. Á berginu sitt hvorum megin árinna sést enn móta fyrir brúar-stöplunum.

Þegar Kóningsvegur var lagður var hann sá dýrasti í sögu Íslands á þeim tíma.²



MYND 3. Brúarhlöð, sumar 2020.

¹ <https://is.nat.is/bruarhlod/> 16.06.2021

² <https://www.sveitir.is/ahugaverdir-stadir/bruarhlod> 16.06.2021

2.2 Náttúruvá

Í forsendum og umhverfisskýrslu Aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032 kemur fram að svæðið er innan Suðurlandsskjálftabeltis og er því jarðskjálftahætta á svæðinu. Tjón af völdum jarðskjálfta getur verið sprungur á yfirborði, skemmdir á mannvirkjum, breytingar á grunnvatnsstöðu og landsig. Einnig geta jarðskjálftar leitt til annarra náttúruhamfara, s.s. skriðufalla og flóða í ám.

2.3 Vistgerðir

Helstu vistgerðir á skipulagssvæðinu eru skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar mela-gambravist (L5.2), hraungambravist (L5.3) og birkiskógur (L11.1). Melagambravist hefur miðlungs verndargildi, hraungambravist lágt verndargildi en birkiskógur hefur hátt verndargildi og er vistgerðin á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Við allar framkvæmdir á svæðinu verður forðast að raska landinu eins og kostur er.

Hafa ber í huga nákvæmni vistgerðarkortlagningar við mat á vistgerðum svæðisins en kortlagning miðast við nákvæmni allt að 1:25.000.

2.4 Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirliggjandi stefna

Við gerð deiliskipulags er horft til eftirfarandi áætlana:

2.4.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í landsskipulagsstefnu er sett stefna er varðar ferðaþjónustu í dreifbýli. Með skipulagðri landnotkun er stuðlað að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli og um leið gætt að varðveislu þeirra náttúru og umhverfis gæða sem eru undirstaða ferðaþjónustunnar.

Í kafla 2.4.1 um ferðaþjónustu á grunni sérstöðu og umhverfisgæða segir:

„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Skipulagsákvæðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar og miði jafnframt að því að ferðaþjónustuuppbygging nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum“.

Deiliskipulagstillagan samræmist landsskipulagsstefnu að því leiti að hún tekur mið af náttúruverndarsjónarmiðum þar sem leitast er eftir að takmarka rask á svæðinu. Með deiliskipulaginu er einnig unnið að því að gera Brúarhlöð að aðlaðandi viðkomustað og útivistarsvæði fyrir bæði ferðamenn og íbúa svæðisins.

2.4.2 Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032

Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 eru Brúarhlöð á landbúnaðarsvæði.


Eftirfarandi stefna er í gildandi aðalskipulagi varðandi aðra atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum:

- Heimilt er, þar sem er föst ábúð, að starfrækja rekstur á landbúnaðarsvæðum sem ekki tengist beint landbúnaðarframleiðslu.
- Einkum er horft til starfsemi í tengslum við ferðaþjónustu, greiðasölu, afurðasölu eða léttan iðnað sem fellur vel að landbúnaðarstarfsemi.
- Heimilt er á landi í ábúð, þar sem aðstæður leyfa, að hafa sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi, s.s. smiðju, verkstæði, gistiheimili, verslun, smáhýsi og/eða byggingar fyrir veitingarekstur, svo fremi sem heildarstærð slíkra bygginga fari ekki yfir 1.000 m².

Um gönguleiðir segir m.a. eftirfarandi:

- Merktar verði fjölbreyttar gönguleiðir sem nýtast íbúum til útivistar og geta jafnframt verið grundvöllur fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu.
- Áhersla verður á að gera a.m.k. hluta Kónsvegjar að aðgengilegri gönguleið.

Deiliskipulagið verður í samræmi við gildandi aðalskipulag.



MYND 4. Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032, byggðin. Skipulagssvæðið við Brúarhlöð er innan rauða hringsins.

2.5 Fornminjar

Aðalskráning fornminja er í vinnslu fyrir Hrunamannahrepp. Kóngrsvegur (ÁR681-019) eru einu þekktu fornminjarnar á deiliskipulagssvæðinu. Vegurinn er að hluta til nýttur sem aðkomuvegur að sumarhúsum sunnan skipulagssvæðisins. Aðrar þekktar minjar eru ekki á svæðinu. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að hrófla við minjum án heimildar Minjastofnunar.

2.6 Verndarsvæði

Svæðið er á náttúruminjakrá nr. 736: *Brúarhlöð, Hrunamannahreppi, Biskupstungnahreppi, Árnes-sýslu. (1) Árgljúfur Hvítár frá Brúarhlöðum upp að Ármótum (Hvítá og Fossá), ásamt 200 m belti beggja vegna árinnar. (2) Tilkomumikið gljúfur með kjarri- og skógivöxnum bökkum.*

2.7 Ferðamenn/ferðaþjónusta

Ferðamálastofa hefur kortlagt „Auðlindir íslenskrar ferðaþjónustu“. Í verkefninu voru, með aðstoð heimafólks, kortlagðir staðir þar sem upplifa má staðbundna og einstaka eiginleika í náttúrufari eða menningu. Skráningin gefur vísbendingar um sérkenni svæða sem hugsanlega má nýta. Brúarhlöð er einn af áherslustöðum Hrunamannahrepps vegna ástands og nauðsynlegra aðgerða. Styrkur fékkst frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til svæðisins vegna skipulags og hönnunar við Brúarhlöð árið 2020. Brúarhlöð eru við Skeiða- og Hrunamannaveg (nr. 30) og var meðalstalsumferð yfir sumartímann (SDU) 310 bílar á dag sumarið 2019.

3. SKIPULAGSSKILMÁLAR

Skilmálar þessir taka til byggðar sem fellur undir þetta deiliskipulag. Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem skilmálar, mæli- og hæðarblöð, og lög og reglugerðir segja til um.

3.1 Byggingar

Innan byggingarreits er gert ráð fyrir þjónustuhúsi, á einni hæð. Í húsinu er heimilt að hafa einfalda veitingaaðstöðu, snyrtingar og upplýsingagjöf fyrir ferðamenn. Stærð hússins getur verið allt að 200 m². Mænishæð getur verið allt að 5,5 m m.v. gólfkóta.

Vandað verði til hönnunar hússins þannig að það falli sem best að landslagi, s.s. hvað varðar útlit, lita- og efnisval. Mænisstefna verður N-S og samsíða hlíðinni. Öll mannvirki eiga að vera afturkræf, þannig að hægt verði að fjarlægja þau án teljandi ummerkja.

3.2 Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að svæðinu er af Skeiða- og Hrunamannavegi (nr. 30) um veg að Brúarhlöðum. Þar hefur verið útbúið bílastæði fyrir fólksbíla og rútur. Nýtt bílastæði verður á sama stað og umfangið svipað og nú er. Þar er gert ráð fyrir stæðum fyrir um 30 fólksbíla og 4 rútur. Bílastæði eru sýnd á uppdráttum.



MYND 5. Brúarhlöð, sumar 2020.

3.3 Hestagerði

Gert er ráð fyrir hestagerði við þjónustuhús eins og sýnt er á uppdrætti.

Sömu áherslur gilda fyrir hestagerðið og önnur mannvirki á svæðinu. Gæta skal samræmis við gerð mannvirkja, í hönnun, frágangi, efnis- og litavali til að halda heildarænu yfirbragði svæðisins þannig að mannvirki falli sem best að umhverfi og núverandi byggð.

3.4 Skilti


Aukið verður við fræðslu innan svæðisins með uppsetningu göngu- og upplýsingarskilta. Við aðkomu verður komið fyrir yfirlitsskilti sem segir frá sögu staðarins ásamt gönguleiðum og áningarstöðum á svæðinu. Skilti verða ekki upplýst.

3.5 Stígar, gönguleiðir og áning

Lagðar verða tvær megin gönguleiðir.

Gönguleið A er hringleið sem er um 300 m að lengd. Gengið er frá bílastæðinu til suðurs niður með ánni. Á gönguleiðinni verða 1-2 áningarstaðir þar sem staðsettir verða bekkir og skilti. Gönguleiðin verður 2 m breið. Gert er ráð fyrir að gönguleiðin verði greiðfær náttúrustígur.

Gönguleið B er hringleið sem er um 1 km að lengd. Gengið er frá bílastæðinu meðfram ánni í suður og stígurinn endar á fyrirhuguðum útsýnispalli við klettabrún, þar sem horft er upp með ánni í norður og gott útsýni er á Karl og Kerlingu. Þegar gengið er til baka liggur leiðin eftir Kónigsvegi sem liggur að bílastæðinu. Á þessari leið er áætlað að hafa áningu á svæði fyrir ofan útsýnispall með bekkjum og upplýsingaskilti. Einnig þarf að setja tvær minni göngubrýr yfir lækki á leiðinni. Gönguleiðin verður 1,5-1,8 m breið.



MYND 6. Skýringarmynd, útsýnisstaður

Næst bílastæði verður auk hringleiðanna gönguleið niður að ánni um tröppustíg sem þar verður lagður. Gönguleiðin verður 2 m breiður og sjálfur tröppustígurinn um 20 m.

Nákvæm staðsetning stíga verður ákveðin á hönnunarstigi. Áningarstaðir verða ekki upplýstir.

3.6 Veitur

Gert er ráð fyrir að vatn og rafmagn verði lagt að þjónustuhúsinu við bílastæðið. Borað verður fyrir neysluvatni og rafmagn fengið frá RARIK. Ekki er hitaveita á svæðinu.

Frárennsli verður leitt í hreinsivirki. Frágangur skal vera samkvæmt reglugerð um fráveitur nr. 798/1999.

3.7 Frágangur svæðisins

Lögð er áhersla á vandaðan og snyrtilegan frágang á svæðinu og að við framkvæmdir verði minjum ekki raskað og forðast að raska gróðri og jarðmyndunum eða stærra svæði en nauðsynlegt er. Lögð er áhersla á að heildaryfirbragð mannvirkja sé samræmt og þau falli vel að landinu. Ef færa þarf tré vegna framkvæmda skulu þau gróðursett innan svæðisins. Ef svarðlag fellur til við framkvæmdir skal það nýtt til uppgræðslu í nágrenninu eða í kanta á stígum/bílastæði. Þar sem loka þarf eldri stígum skal flytja þangað staðargróður, s.s. sjálfsáið birki.

4. UMHVERFISÁHRIF



MYND 7. Brúarhlöð, sumar 2020.

Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr. 5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti skipulagsins sjálfs. Svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til. Matið felst í verklagi sem beitt er til að stuðla að umhverfisvernd og sjálfbærri þróun við gerð skipulags og draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umhverfismatið felur í sér mat á líklegum áhrifum þeirrar stefnu sem sett er fram.

4.1 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „*Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.*“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

4.2 Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið

Umhverfispáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Í skipulagslýsingu voru tilteknir þeir umhverfispættir sem líklegt væri að yrðu valdir til umfjöllunar í umhverfisskýrslu.

Áhrif af stefnu deiliskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti skv. fyrirliggjandi gögnum.

Við matið er horft til neðan greindra umhverfispátta og leitast við að svara matsspurningum m.t.t. þeirra viðmiða sem talin eru upp í töflunni:

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Hefur skipulagið áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Gróður og dýralíf	Hefur skipulagið áhrif á gróður og dýralíf?	Vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar.
Ásýnd og landslag	Hefur skipulagið áhrif á ásýnd svæða? Hefur skipulagið áhrif á landslag?	Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Samfélag	Hefur skipulagið áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu? Hefur skipulagið áhrif á notkun svæða til útivistar?	Landsskipulagsstefna 2015-2026. Stefna um landnotkun í aðalskipulagi. Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.
Minjar / Verndarsvæði	Hefur skipulagið áhrif á fornminjar? Hefur skipulagið áhrif á náttúru-minjar eða verndarsvæði?	Fornleifaskráning. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Náttúruvá, mengun, heilsa og öryggi	Er hættu á náttúruvá á svæðinu? Er hættu á mengun af völdum stefnunnar?	Landsskipulagsstefna 2015-2026.

4.3 Valkostir

Í umhverfismati áætlana ber að fjalla um svokallaðan núll-kost og bera stefnu skipulagsins saman við hann, eftir því sem við á. Núll kostur „felur í sér lýsingu á ástandi umhverfisins, eins og búast má við að það þróist ef ekki kemur til framfylgdar áætlunarinnar. Í einhverjum tilfellum getur samanburður við núll-kostinn falið í samanburði við framfylgd gildandi áætlunar“.

Bornir eru saman þeir valkostir sem fjallað er um hér að aftan og lagt mat á hvort áhrifin séu talin jákvæð, óveruleg, neikvæð eða óviss.

Eftirfarandi valkostir eru bornir saman:

- **Uppbygging skv. deiliskipulagstillögu.** Með deiliskipulaginu verða gönguleiðir skipulagðar og merktar, áningarstöðum komið fyrir, þjónustuhús byggt og bílastæði bætt og þau afmörkuð betur. Hestagerði verður komið fyrir á svæðinu svo hestamenn sem leið eiga um nágrennið geti staldrað við á svæðinu.
- **Núll kostur – núverandi staða.** Á svæðinu er fyrir bílastæði og óskipulagðar og ómerktar gönguleiðir um svæðið.

4.4 Samanburður

Uppbygging skv. deiliskipulagstillögu. Engar þekktar jarðmyndanir, sem njóta verndar, eru innan skipulagssvæðisins.

Áhrif á gróður og dýralíf eru metin óveruleg. Svæðið er mjög gróið, mikið um sjálfsáð birki og runna-gróður. Uppbygging mannvirkja á svæðinu er ekki umfangsmikil og er að mestu leyti á þegar röskuðum svæðum, annars staðar miðast framkvæmdir við að hlífa gróðurfari með tröppustígum og bættum göngustígum. Með því að fækka og bæta göngustíga er unnt að stýra gangandi umferð á svæðinu sem minnkar óþarfa traðk utan gönguleiða. Birkiskógur hefur hátt verndargildi og er á lista Bernarsamnings frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Áhrif á ásjúnd og landslag eru metin óveruleg. Fyrirhuguð uppbygging er ekki umfangsmikil. Áhrif á ásjúnd og landslag eru einkum þjónustuhús, hestagerði, skilti og tröppustígur. Annað er til staðar, þ.e. gönguleiðir og bílastæði, sem verða bætt og afmörkuð betur. Svæðið er mjög gróið og auðvelt að fella mannvirki inn í umhverfið með því að vanda efnis- og litaval byggingarefna.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Uppbygging á svæðinu getur ýtt undir öflugra atvinnulíf því grundvöllur skapast fyrir þjónustu sem hefur ekki verið til staðar. Stefnan eflir möguleika til útivistar bæði göngu-, hjóla- og hestaferða.

Áhrif á verndarsvæði og fornminjar eru metin neikvæð. Deiliskipulagssvæðið er á náttúruminjasrá nr. 736 Brúarhlöð. Um svæðið liggur hluti Kóngsvegar sem eru friðaðar menningarminjar. Engar aðrar þekktar minjar eru á skipulagssvæðinu.

Áhrif af náttúruvá, heilsu og öryggi eru metin óviss. Svæðið er innan Suðurlandsskjálftabeltis og því um að ræða jarðskjálftahættu, sem getur m.a. leitt af sér skemmdir á mannvirkjum, sprungur á yfirborði lands, landsig og flóða í ám. Ekki er talin hætt á mengun vegna stefnunnar.

Núll kostur. Engar þekktar jarðmyndanir, sem njóta verndar, eru innan skipulagssvæðisins. Engin áhrif á gróður og dýralíf. Engin mannvirki eru á svæðinu. Áhrif á ásjúnd og landslag eru jákvæð. Engin starfsemi er á svæðinu. Engar þekktar minjar eru á skipulagssvæðinu og ekki er talin hætt á mengun vegna stefnunnar.

Undanfarin ár hefur aðsókn ferðamanna að Brúarhlöðum aukist mjög og er aðstaða til að taka á móti þeim fremur bágborin. Stígar eru lélegir og af þeim sökum hefur myndast töluvert traðk utan stíganna sem þarf að bregðast við til að sporna við jarðvegsraski og gróðureyðingu. Engir útsýnispallar eru við

ána sem getur skapað hættu þegar fólk fer of nær ánni til að virða fyrir sér landslagið. Engin salernis-aðstaða er fyrir hendi.

Með þeim endurbótum á svæðinu sem deiliskipulagið gerir ráð fyrir er aðgengi um Brúarhlöð bætt verulega um leið og stuðlað er að vernd gróðurs og jarðmyndana á staðnum. Einnig verða til störf við móttöku og þjónustu ferðamanna sem styrkir byggð í sveitarfélaginu.

Með því að bæta stígakerfi við Brúarhlöð aukast líkur á að ferðamenn fylgi merktum stígum og pöllum sem dregur úr traðki og úrrennslum og hlífir viðkvæmri náttúru svæðisins. Gert er ráð fyrir að efnisvali verði þannig háttað að tröppur og pallar verði lítt sýnilegir í landslaginu og að einhverju leyti feli gróður tröppustíga og dragi þannig úr sjónrænum áhrifum hans. Með bættum stígum dregur úr slyshættu.

4.5 Niðurstaða

Stefna deiliskipulagsins fellur vel að markmiðum Aðalskipulags Hrunamannahrepps um landbúnaðar-svæði, þar sem heimil er starfsemi sem ekki tengist landbúnaðarframleiðslu, t.d. í tengslum við ferða-þjónustu og greiðasölu. Einnig er stefnan í takt við aðalskipulagið hvað varðar gönguleiðir, en áhersla er lögð á að merkja fjölbreyttar gönguleiðir sem nýtist gestum og gangandi til útivistar og uppbyggingar ferðaþjónustu. Þar segir sérstaklega að a.m.k. hluti Kónsvegar verði gerður að aðgengilegri gönguleið.

Gert er ráð fyrir að mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar svæðisins og mögulegt er og að land verði lagfært að framkvæmdum loknum og aðlagð landi umhverfis. Útlit og litaval mannvirkja skal vera þannig að nýbyggingar falli sem best að umhverfi og núverandi byggð á svæðinu. Öll mannvirki eiga að vera afturkræf, þannig að hægt verði að fjarlægja þau án teljandi ummerkja.

Það er niðurstaða sveitarstjórnar að þörf sé á endurbótum við Brúarhlöð og þær endurbætur feli jafnframt í sér tækifæri til uppbyggingar ferðaþjónustu á svæðinu. Það þarf að þjónusta ferðamenn betur og gera þeim kleift að njóta staðarins og fræðast um hann. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru atvinnuskapandi, bæta þjónustu við ferðamenn og almennt eru áhrif þeirra á umhverfið mun jákvæðari en núverandi ástand. Með bættri aðstöðu mun allt svæðið verða meira aðlaðandi og aðgengi batna til muna. Ásýnd svæðisins batnar einnig og með tímanum mun náttúruleg gróðurframvinda draga úr áhrifum nýrra mannvirkja og vaxa á ný á þeim svæðum sem hafa orðið fyrir átroðningi og raski vegna framkvæmda.

5. SAMRÁÐ OG KYNNING

Deiliskipulagstillagan verður kynnt og auglýst skv. 40. - 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og send til lögbundinna umsagnaraðila. Umsagnaraðilar eru Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Heilbrigðis-
eftirlit Suðurlands, Vegagerðin og Skipulagsstofnun.

6. BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU